

Fundargerð 27. fundar í Þróunarfélagi Keflavíkurflugvallar 14. ágúst 2008 kl. 12:00 á skrifstofu félagsins, byggingu 946, Keflavíkurflugvelli.

Mættir: Páll Sigurjónsson, stjórnarformaður
Reynir Ólafsson, stjórnarmaður
Sigurður Valur Ásbjarnarson, varastjórnarmaður
Kjartan Þ. Eiríksson, framkvæmdastjóri sem jafnframt ritaði fundargerð

1. Fundargerð síðasta fundar.
Fundargerð síðasta fundar var borin upp og samþykkt af viðstöddum stjórnarmönnum.
2. Útboð á 1. áfanga mengunargreinsunar
Farið var yfir tillögur að útboði á 1. áfanga mengunargreinsunar. Tillagan var samþykkt af stjórn og framkvæmdastjóra falið að vinna málið áfram.
3. Útboð á niðurrifi
Farið var yfir tillögur að útboði á niðurrifi bygginga. Tillagan var samþykkt af stjórn og framkvæmdastjóra falið að vinna málið áfram.
4. Niðurstöður könnunar.
Kynntar voru niðurstöður skoðanakönnunar sem gerð var af Capacent fyrir ÞK. Könnunin gekk út á að meta nokkra þætti er snerta íbúa svæðisins með tilliti til aðstöðu, þjónustu og fleiri þátta. Niðurstöðurnar eru í stuttu máli þær að almenn ánægja er með uppbyggingu og aðstöðu á svæðinu.
5. Framtíð Officeraklúbbs
Rætt var hver ætti að vera framtíð svonefnds Officeraklúbbs á svæðinu. Ljóst er að mikil þörf er fyrir slíka aðstöðu á svæðinu. Sérstaklega í ljósi þess að endurbætur standa yfir á félagsheimilinu Stapa. Stjórn fól framkvæmdastjóra að kanna með hvaða hætti best væri að nýta húsið.
6. Önnur mál.
 - a. Farið var yfir stöðu á gerð rammaskipulags fyrir 1. áfanga þess svæðis sem ÞK er að þróa. Vinnan er unnin í samstarfi við Háskólavelli og Reykjanesbæ og er það arkitektastofan Engle sem framkvæmir vinnuna. Fyrstu tillögur hafa verið kynntar og má segja að almenn ánægja sé um þær tillögur af hálfu hagsmunaaðila.
 - b. Kynnt var ferð sem fyrirhuguð er til Noregs í næstu viku til að kynna sér rekstur tæknigarða og frumkvöðlasetra.

Fleira var ekki gert og fundi slitið.

